

## **Fundargerð skólaráðs 5. desember 2012**

Allir fulltrúar í skólaráði mættir nema Ágúst sem var veikur.

### **Umræða um samræmd próf.**

Bryndís gerði grein fyrir hvernig skólinn hefur brugðist við slökum árangri nemenda í 4. bekk í samræmdu prófunum. Á kennarafundi hefur verið farið í hópavinnu og niðurstöður þeirrar vinnu dregin saman og síðan kynnt fyrir foreldrum 4. bekkjar á fundi fyrir skömmu. Á þeim fundi voru foreldrar beðnir um að lesa þær niðurstöður yfir og koma með athugasemdir. Stjórnendur Naustaskóla hafa nú upplýsingar undir höndum sem þeir hyggjast nota við úrbætur og eftirfylgd á skólustarfinu. Fulltrúar foreldra í skólaráði óskuðu eftir því að fá reglulega upplýsingar um gang mála og þær aðgerðir sem farið yrði í. Einnig óskuðu þeir eftir markvissum foreldraviðtölum í janúar og upplýsingum um viðfangsefni nemenda hverju sinni. Umræða var um þann texta sem nemendur væru að lesa og hvort hann þyrfti ekki að vera þyngri.

### **Sérfræðipjónusta**

Bryndís kynnti og sagði frá hvernig stoðþjónusta sem skólinn fær frá bæjarfélaginu væri háttað og því vinnuferli sem er ríkjandi á milli Fjölskyldudeildar og skólasálfræðings og kennsluráðgjafa. Fram komu áhyggjur frá fulltrúa foreldra af því mikla álagi á kennara sem fylgir skóla án aðgreiningar. Umhugsunarefni sé hvort að skólar fái nægilegan stuðning og fjármagn frá stoðþjónustunni og sveitarfélögum til að halda uppi markvissri kennslu og þjálfun fyrir þau börn sem eru með sérþarfir og vandamál. Ónóg stoðþjónusta gæti hugsanlega stuðlað að kulnun kennara í starfi og undarlegt sé hvað kennarar láti lítið í sér heyra um þetta málefni t.d. í fjölmiðlum.

### **Önnur mál:**

Litlu jólin. Fulltrúi nemendaráðs bar upp þá tillögu að í ár yrðu ekki jólapakkar á litlu jólum nemenda og ekki heldur jólasöfnun og var það samþykkt. Einnig kom beiðni til foreldra um að þeir leggðu til kakó til að gleðja nemendur á aðventunni og ætla foreldrar að verða við þeirri beiðni.

Matsalur: Áhyggjuefni hve kalt er í matsalnum og voru fundarmenn sammála um að finna þyrfti lausn á því. Fram kom tillaga um að fulltrúi nemenda skrifaði grein í fjölmiðla eða greinargerð til bæjarins til að fylgja því eftir.

Aðgengi. Finna þarf lausn á aðgengi í kringum skólann þar sem hættuástand myndast á hverjum morgni á bílastæðinu.

Fundarritari Bryndís Björnsdóttir.